

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Garðabær, 27. júní 2022
Málsnúmer: 202206-0027
SS

Efni: Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um fyrirspurn varðandi forkaupsrétt ríkisjóðs á jörðinni Langa Botni í Vesturbyggð.

Í bréfi frá Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti dags. 21. júní 2022, er óskað eftir umsögn varðandi sölu á jörðinni Langa Botni í Geirþjófsfirði í Vesturbyggð, landnr. 140456, og hvort ríkissjóður eigi að nýta forkaupsrétt samkvæmt 5. mgr. 37. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013.

Jörðin er innan svæðis á gildandi náttúruminjaskrá, sem aðrar náttúruminjar en á vef Umhverfisstofnunar stendur: „310. Geirþjófsfjörður, Vesturbyggð (áður Bildudalshr.), V-Barðastrandarsýslu. (1) Geirþjófsfjörður innan Krosseyrartanga og Ófærness. Að norðan ráða sýslumörk, að suðaustan hreppamörk og vatnaskil að sunnan. (2) Fjölbreytt og fagurt landslag, ríkulegur gróður, skóglendi.“

Jörðin Langi Botn nær yfir innsta hluta Geirþjófsfjarðar og allan fjarðarbotninn og austur upp á sunnanverða Dynjandisheiði. Fjörðurinn er í eyði og þar er náttúra ósnortin að mestu leyti. Snemma árs 2021 tók stofnunin saman gögn fyrir Umhverfisstofnun um náttúrufar þess svæðis sem áform voru um að yrði hluti af nýjum þjóðgarði á sunnanverðum Vestfjörðum. Stefnt var að því að jörðin Langi Botn yrði innan marka þjóðgarðsins. Stuðst er við þá samantekt í þessari umsögn.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir tiltæk gögn um náttúrufar svæðisins og vill benda á eftirfarandi atriði:

Jarðfræði

Vestfirðir eru jarðfræðilega merkilegt svæði sem mynda samfellda heild. Þar er að finna elstu berglög landsins (um 16 milljón ára) og elstu steingervinga sem fundist hafa í jarðlögum á Íslandi (um 15 milljón ára). Jarðlagastaflinn einkennist af reglulegri upphleðslu basalhraunlaga með frekar þunnum setbergslögum inn á milli (< 1m á þykk).

Setlagasyrpa liggur um Geirþjófsfjörð og er hluti af stærri heild sem verður eldri eftir því sem farið er lengra til norðvesturs. Jarðlög við Barðaströnd eru um 12 milljón ára gömul, við Arnarfjörð um 13,5 milljón ára og á vestanverðum annesjum um 15 milljón ára. Rannsóknir á steingervingum gefa mikilvægar upplýsingar um fornloftslag og umhverfisaðstæður á Vestfjörðum þegar setlögin mynduðust. Í Geirþjófsfirði hafa fundist bæði plöntusteingervingar og surtarbrandur eins og víðar í Arnarfirði en mikil þörf er á að rannsaka setlagasyrpanar í Arnarfirði betur.



Landmótun ísaldarjökulsins er eitt af megininkennum Vestfjarða en þar hefur jökullinn sorfið og mótað berggrunninn í margskonar landslagsform m.a. firði eins og Geirþjófsfjörð. Í lok síðustu ísaldar hörfar jökullinn inn til landsins og í kjölfar hans gengur sjór á land vegna hækkandi sjávarborðs. Í strandhjöllum á annesjum og inn í fjörðum Vestfjarða eru víða ummerki þessara fornu fjörumarka í myndunum strandhjalla. Mikil þörf er á frekari rannsóknum á jökulmenjum og kortlagningu jarðgrunns á Vestfjörðum.

Gróðurfar og vistgerðir

Það sem einkennir gróðurfar jarðarinnar Langa Botns er víðáttumikið birkikjarr sem þekur stærstan hluta fjarðarbotnsins og nær langt upp í fjallshlíðar allt um kring. Þrjár vistgerðir eru skilgreindar innan vistlendisins birkiskóga, kjarrskógavist, lyngskógavist og blómskógavist en þær eru ekki aðgreindar á vistgerðakorti NÍ. Verndargildi allra þeirra er metið hátt og þær eru sömuleiðis allar á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem ber að vernda og skilgreindar sem forgangsvistgerðir hjá NÍ. Nokkuð er um ræktaðan skóg á jörðinni sunnan við Botnsá.

Votlendi finnst allvíða innan jarðarinnar, einkum skammt frá ósum Botnsár þar sem hún flæðir um sléttlendi en einnig ofarlega í hlíðum kringum fjarðarbotninn. Flestar þær votlendisvistgerðir sem þar finnast hafa hátt verndargildi.

Gulstararfitjavist sem er sjaldgæf strandlendisvistgerð með hátt verndargildi hefur fundist rétt austan við Stapa, sem er nálægt vesturmörkum jarðarinnar norðanmegin við fjörðinn. Mólendi er nokkuð algengt í botni Geirþjófsfjarðar m.a. grasmóavist sem er á lista Bernarsamningsins. Graslendi er víða í norðurbrekkum fjarðarins m.a. bugðupuntsvist og finnugsvist.

Klettur og skriður aðskilja fjarðarbotninn frá heiðalöndum í norðri, austri og suðri. Gróðurfar heiðanna einkennist af lítt grónum melum einkum víðimelavist og moslendi þar sem hraungambri er ríkjandi.

Við strendur Geirþjófsfjarðar eru óseyrar algengasta fjöruvistgerðin og þangklungur en þar er einnig lítið strandvatn sem er ferskvatnsvistgerð með hátt verndargildi. Uppi á Dynjandisheiði eru gróðurlítil hálendisvötn og úr þeim renna lækir og ár sem m.a. sameinast í Botnsá.

Ein plöntutegund á valista Náttúrufræðistofnunar finnst innan jarðarinnar, norðarlega í firðinum þar sem heitir Hæristapi, en það er Stefánssól (*Papaver radacatum* ssp. Stefanssonii). Um er að ræða undirtegund melasólar sem er með bleik eða hvít blóm. Tegundin er jafnframt friðuð samkvæmt auglýsingu nr. 1385/2021 um friðun æðplantna, mosa og fléttna. Þörf er á að kanna betur útbreiðslu Stefánssólar í Geirþjófsfirði.

Dýralíf

Fuglalíf á svæðinu hefur ekki verið kannað sérstaklega en þar sem botn Geirþjófsfjarðar er skógi vaxinn eru einkennandi tegundir spörfuglar eins og skógarþröstur, músarrindill og auðnutittlingur. Utan kjarrlendisins má finna helstu mófugla t.d. heiðlóu, þúfutittling, hrossagauk o.fl. tegundir og snjótittlingar og sendlingar verpa til fjalla. Straumendur geta sést við Botnsá. Við ósa Botnsár eru fjörusvæði og strandvatn sem vaðfuglar og máfar sækja í. Hrafn og fálki sjást reglulega á svæðinu og haförn verpir í botni Geirþjófsfjarðar. Snæuglur eru



stundum á ferðinni á Dynjandisheiði. Sumar af þessum tegundum eru á valista. Landselir eru algengir í Arnarfirði en ekki eru þekkt látur í Geirþjófsfirði, en þau eru skammt undan norður í Borgarfirði. Lítið er vitað um smádýralíf svæðisins.

Landslag og víðerni

Geirþjófsfjörður er einstakur meðal fjarða á vestanverðum Vestfjörðum að því leyti að hann er óaðgengilegur nema gangandi eða frá hafi, en þangað liggur enginn akvegur. Þá er hann umkringdur hálendi og niður í hann liggja brattar brekkur frá Dynjandisheiði. Þessi lega fjarðarins gefur landslagi svæðisins einstakt yfirbragð. Botn fjarðarins er mjög afskekktur og friðsæll staður og fátt um mannvirki nema stöku hús. Skóglendi í botni fjarðarins setur mikinn svip á landslag hans og Botná sem rennur um hann miðjan er svipfögur og í henni nokkrir fossar. Gildi svæðisins er mikið fyrir útivist og náttúruupplifun, fyrst og fremst vegna kyrrðar, gróðursældar og fjarlægðar frá umferð ökutækja og helstu mannvirkjum.

Á Dynjandisheiði er dæmigert heiðalandslag með tjörnum og sem er lítt snortið og umhverfið hrjóstrugt og hrikalegt. Þaðan er vítt til allra átta og austur af Dynjandisheiðarvegi byrja óbyggð víðerni Glámuhálendisins sem eru ósnortin að mestu og ná yfir allstórt svæði. Verndargildi víðernanna er mikið.

Niðurstaða:

Náttúrufræðistofnun Íslands telur gild rök vera fyrir því að jörðin Langi Botn verði friðlýst enda náttúruverndargildi svæðisins mjög mikið. Því ætti ríkissjóður að nýta sér forkaupsrétt að jörðinni Langa Botni ef það er nauðsynlegt til að tryggja verndun svæðisins. Verndargildi gróðurfars og landslags, gildi svæðisins til útivistar og sérstaða svæðisins þ.e. einangrun og kyrrð eru atriði sem vega þungt í þessu sambandi. Jörðin var hluti af því svæði sem áform voru um að myndi tilheyra nýjum þjóðgarði á sunnanverðum Vestfjörðum og í fyrri umsögnum Náttúrufræðistofnunar hefur stofnunin talið mikilvægt að Geirþjófsfjörður og þar með jörðin Langi Botn heyri undir slíkan þjóðgarð.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

